

## Skólaráðsfundur þann 6. febrúar 2017.

*Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Eva Rut, fulltrúi nemenda, Magnús G. fulltrúi nærsamfélagsins, Sigurborg og Helga Eyja fulltrúar kennara, Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks skólans, Guðrún Björg fulltrúi foreldra og Marsibil aðstoðarskólastjóri. Tinna Marín fulltrúi nemenda og Helga Veronica fulltrúi foreldra boðuðu forföll.*

Skólastjóri bauð alla velkomna. Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Skólalóð
2. Námsviðtöl
  - a. Breytt fyrirkomulag
3. Skólaárið 2017-2018
  - a. Skóladagatal
4. Starfshópur um starfsaðstæður kennara

### **Skólalóð**

Skólastjóri reifaði nýjar hugmyndir um leiktæki á skólalóð miðdeildar. Nemendur í miðdeild hafa stungið upp á og teiknað ýmsar góðar hugmyndir. Þetta er allt í vinnslu og verða þessi nýju leiktæki sem verða fyrir valinu pöntuð á vormánuðum og síðan sett upp í haust. Einnig þarf að laga körfuboltavöllinn. Fleiri hugmyndir komu um það sem þarf að bæta s.s. nýjar gardínur og stóla, borð og gólfdukk. Þó rauðu gardínurnar séu fínar, þá þykir nemendum bæði of heitt og loftlaust í þeim stofum. Þá vantar ljós í salinn – kastara og nýja útidyrhurð í miðdeildina. Þannig mætti lengi telja, en þetta þótti nóg í bili.

### **Námsviðtöl**

Foreldradagurinn var í síðustu viku og farið var yfir námsmat hjá nemendum. Ekki voru prentuð út einkunnablöð. Umsagnir voru settar inn í dagbók og gátu foreldrar og börn þeirra skoðað árangurinn áður en farið var í viðtalið. Guðrúnu fannst foreldraviðtölin verða markvissari og engin bið var á ganginum. Það kom samt fram að það er misjafnt hvað foreldrar kunna á Mentor. Helga Eyja benti á nemendaviðtölin sem fara núna fara en þar er hægt að fara ítarlegar í hlutina.

### **Skólaárið - skóladagatal árið 2017-2018.**

Skólastjóri lagði skóladagatalið fram. Rætt var um að hafa skipulagsdaginn þann 3. jan. en ekki þann 4. jan. Þá er hægt að hætta einum degi fyrr um vorið. Rætt var um vetrarfríin en þau eru ein vika í Garðabænum. Sigurborg lagði til að gera ætti könnun meðal foreldra hvort þeir vildu hafa vikuleyfi eða 2 sinnum 2 daga. Þessa könnun þyrfti að leggja fyrir allan Hafnarfjörð.

### **Starfshópur um starfsaðstæður kennara**

Verið er að vinna í þeim málum. Ramma þarf skólastarfið inn í starfsaðstæður kennara. Það kom fram að miklar fundarsetur geta verið mikið álag sem og ýmislegt fleira. Unnið verður betur um þetta allt á næsta skipulagsdegi okkar.

Magnús spurði hvernig flensan hefði farið með okkur? Og svarið var sæmilega.-((

Ath. það þarf með að gera myglupróf í stofunni hjá Eddu, eða í stofu nr. 21. Einnig var rætt um silfurskottur, en Hulda tjáði okkur það að eftir að búið er að eitra fyrir þeim, þá má ekki skúra út að veggunum þar sem þær halda sig í tvo mánuði!!!

Fleira var ekki tekið fyrir að sinni og fundi slitið.

Samantekt skráði: Marsibil Ólafsdóttir.